

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK





# Höndlaröu hitann?



TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL

THE ORIGINAL  
**TYRKISK  
PEBER**



Monitor vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í Forsíðuleik Monitor kærlega fyrir og óskar þeim sem og öðrum gleðilegra jóla!



## Fólk fílaði mottuna

**Forsíðuleik Monitor lauk á miðnætti aðfaranætur þriðjudags og stóð Daníel Hjörtur Hjartarson uppi sem sigurvegari. Kappinn fékk á fjórum og hálfum sólarhring 1.639 „like“ og vann því með heilum 432 „like-um.“**

„Mér leiddist bara um nótt og sá að félagi minn var búinn að gera svona mynd svo ég ákvað að gera mína eigin. Ég tók mér alveg góðan tíma í að gera þessa mynd,“ segir Daníel Hjörtur Hjartarson aðspurður um hvernig það hafi komið til að hann tók þátt í forsíðuleik Monitor. Daníel vann leikinn mjög sannfærandi og hlaut að launum glænýjan Samsung Galaxy SII, Triwa-úr frá Kastaníu ásamt glaðningum frá tónlist.is og Hamborgarafabrickunni. „Ég á síma sem er tregur svo það kemur sér vel að fá nýjan. Svo er þetta fáránlega flott úr.“

### Mútaði engum

Daníel tók mjög snemma forystu í leiknum, hélt henni allan tímann og sigraði sannfærandi að lokum. Það er því réttast að spyrja hvort hann hafi borgað fólk fyrir að líka við forsíðumyndina

hans. „Nei, en þetta kom þó á óvart því fjöldi þeirra sem líkaði við myndina er þrefaldur fjöldi vinanna sem ég er með á Facebook. Það voru margir æskuvina minna sem deildu myndinni og það reddaði öllu. Ég er þeim mjög þakklátur. Svo held ég að fólk hafi líka bara verið að fíla mottuna. Ég þyrfti kannski að safna í mottu,“ segir Daníel glaðbeittur.

### Breyttur maður

Í framtíðinni eru þó töluverðar líkur á því að Daníel verði hinum megin við borðið og verði ekki í hlutverki forsíðufyrirsætu. „Ég hef mikinn áhuga á margmiðlun og ljósmyndun og ég ætla að starfa við það í framtíðinni. Ég er í mjög gefandi og góðu námi í margmiðlun í Borgarholtskóla núna og svo stefni ég að því að fara í grafíska hönnun í Listaháskólanum,“ segir Daníel

sem segir að áhuginn hafi aukist mikið á slíku undanfarin misseri. „Ég flutti úr Breiðholti yfir í Grafarvoginn og þá fór ég að eyða töluvert meiri tíma í tölvunni. Það gerðist örugglega af því að það er öðruvísi félagsskapur í Grafarvogi. En nú í dag fer megnið af þeim tíma í eitthvað tengt grafískri hönnun og ljósmyndun þó maður spili nú líka töluvert af tölvuleikjum. En ég hangi ekki allan daginn í tölvuleikjum eins og ég gerði. Nú fer ég sex sinnum í viku á æfingu og svona. Ég er breyttur maður,“ bætir Daníel við og hlær en hann æfir box hjá hnefaleikastöðinni Æsi. „Ég boxaði í eitt og hálf ár fyrir tveimur árum en fékk svo sinaskeiðabólgu og þurfti að bíða í tvö ár og er bara nýbyrjaður aftur. En ég er strax kominn í ágætisform. Ég gerði samt ekkert í þessi tvö ár. Það var þá sem ég breyttist í nörd.“

jrr

## Monitor mælir með

### Á ÞORLÁKSMESSU

Upplagt er að fara niður í bæ og spóka sig um. Gaman er að staldra við og fylgjast með mannlífinu, fá sér jafnvel einn kakóbolla svona í kuldanum. Þá er fjöldinn allur af uppakomum og það getur verið afar róandi eftir allt stressið í aðdraganda jóllanna að setjast einhvers staðar niður og hlusta á góða tóna eða bara spjalla saman.



### Á AÐFANGADAG

Það er alveg fáránlegt hvað aðfangadagur getur stundum verið fjótur að líða. Það er því gott að búa til smá lista yfir þá hluti sem þarf að gera svo mögulegt sé að bera út pakkana, elda matinn og hafa sig til í tæka tíð. Um kvöldið er svo mikilvægt að þakka fjölskyldumeðlimum vel fyrir sig og skrifa líka niður hver gaf hvað.



### Á JÓLADAG

Áður en jóladagur rennur upp þarf að huga hvort kjóllinn eða hvíta skyrtan sé ekki örugglega hrein. Þá er gott að líta yfir listann frá aðfangadag og þakka öllum sem gáfu gjafir vel fyrir sig. Ef þú ert á leið í jólaboð er gott að rífa upp í huganum hvað þú fékkst frá skyldmönnum þínum árin á undan. Það er svo gaman að líta til baka og bera saman nútíð og þátíð.



## Vikan á ...

### facebook

**Niels Thibaud Girerd** nú er ég kominn í jólskap LOKSINS

20. desember kl. 16:21

**Daníel Hjörtur Hjartarson** Jæja, þá er Monitor forsíðukeppninni lokið... og að sjálfsögðu rústaði ég þessu :) ég vil þakka öllum sem voru indælir og likeuðu myndina! :D

20. desember kl. 15:10

**Bubbi Morthens** Búin að Taka upp 16 demo lög næst er að draga djúpt andan vona 12 af þeim verið svo góð þau komast á plötuna

19. desember kl. 16:28

**Ingólfur Þórarinnsson** Sá harðan Liverpool aðdáanda pósta góðum status um leikinn áðan: (Um leik Liverpool og Aston Villa) 2 orð, yfir burðir.

18. desember kl. 15:27

### Feitast í blaðinu

**Nanna og Ragnar í Of Monsters and Men** kepptust í jólaspurningakeppni. >>>4

**Stíllinn athugaði hverju Unnsteinn og Þórunn Antonía klæðast á jólunum.** >>>6

**The Charlies eiga sér stóra drauma í höfuðborg skemmtanaiðnaðarins, Hollywood.** >>>8

**Ari og Halldór Eldjárn gáfu hvor öðrum sömu bókina jólni 2005.** >>>12

**Ólafur Þór rýnir í allt sem þú þarft að vita um þrívíddarsímamann frá LG.** >>>13

## Efst í huga Monitor Jólakveðja Monitor

Jólin, jólin alls staðar með jólagleði og gjafirnar. Þrjú dagar í jólin. Það er ótrúlega skemmtilegt. Ég segi ótrúlega af því að það er nánast ótrúlegt hvað tíminn hefur flogið. Gárungar segja að tíminn fljúgi þegar fólk skemmtir sér og það á svo sannarlega við í tilviki Monitor-skútunnar. Það eru forréttindi að fá að gefa út svona jákvætt blað og enn meiri forréttindi að þú skulir lesa það. Takk fyrir það.

Úti í enskumælandi löndum segir fólk „time flies when having fun“ og gantast svo með orðatiltækið og halda því fram að froskarnir segi alltaf „time's fun when having flies.“ Alveg ótrúleg hnyttinn hjá þessum ensku.



Lauflétt blað dagsins í dag einkennist af miklum jólaanda sem heltekið hefur Stíllinn, Eldjárn-bræðurnar og Ragga og Nönnu úr Of Monsters and Men. Það er gaman að finna þá miklu ást sem jólin ná fram í okkur.

En okkur hjá Monitor langar að óska þér gleðilegra jóla. Nýárskeðjan verður að bíða þar sem eitt blað er eftir á árinu. Við vonum að jólahelgin verði ógleymanleg og að þú borðir á þig gat af góðum mat og reitir pappír af gjöfum sem koma sér vel og gleðja. Um leið biðjum við alla að hugsa fallega til þeirra sem minna mega sín.

Nonni Nonn, Elgurinn, George hinn ungi, Himmaster Gunn, Ace og Stíllísa biðja þig vel að lífa.



# Vitringarnir tveir



Söngelsku skrímslabömin, **Nanna Bryndís og Ragnar**, úr **Of Monsters and Men** eru ansi mikil jólabörn, sé tekið tillit til gríðarlegrar þekkingar þeirra á öllu sem tengist jólnum.

## SPURNINGAR

1. HVADA JÓLASVEINN ER SÁ SJÖUNDI Í RÖÐinni TIL AÐ HEIM SÆKJA MANNABYGGÐIR?
2. HVERJIR VORU KASPAR, MELKÍOR OG BALTASAR?
3. JÓLALAGIÐ EF ÉG NENNI ER UPPRUNALEGA ERLENT POPPLAG. HVERS LENSKT ER ÞAÐ AÐ UPPRUNA?
4. HVER FÓR MED HLUTVERK FJÖLSKYLDUFÖÐURINS SKRAUTLEGA Í KVIKMYNDinni CHRISTMAS VACATION?
5. Á HEFÐBUNDNUM AÐVENTUKRANSI ERU FJÖGUR KERTI. FYRSTU ÞRJÚ HEITA SPÁDÓMSKERTIÐ, BETLEHEMSKERTIÐ OG HIRÐAKERTIÐ EN HVAD HEITIR ÞAÐ FJÓRÐA?
6. Í JÓLALAGINU GÖNGUM VIÐ Í KRINGUM ER MEÐAL ANNARS SUNGIÐ UM ÞAÐ HVERNIG VIÐ FÖRUM AÐ ÞEGAR VIÐ ÞVOUM OKKAR ÞVOTT. UM HVAD ER SUNGIÐ Í ÁTTUNDA OG JAFNFRAMT SÍÐASTA VERSINU?
7. HVER SKRIFAÐI SÖGUNA UM LITLU STÚLKUNA MEÐ ELD-SPÝTURNAR?
8. HVER SYNGUR DÚETTINN ÞÚ KOMST MEÐ JÓLIN TIL MÍN Á MÓTI BJÖRGVINI HALLDÓRSSYNI?
9. UNDAFARIN ÁR HEFUR ÍSLENDINGUR EINN FARIÐ MEÐ HLUT-VERK TRÖLLA SEM STAL JÓLUNUM Í LEIKHÚSUM VESTANHAFS. HVER ER ÞAÐ?
10. Í JÓLABÓKAFLÓÐINU ÞETTA ÁRIÐ KOMA ÚT TRILLJÓN BÆKUR SEM FYRR. HVAD HEITIR NÝJASTA SKÁLDSAGA YRSU SIGURÐARDÓTTUR?
11. HELSTI JÓLADRYKKUR ÍSLENDINGA ER TRÚLEGA MALT OG APPELSÍN. Á HVADA ÁRATUG KOM EGILS APPELSÍN Á MARKAÐ?
12. HVADA TEXTI HEFST Á ORDUNUM: „EN ÞAÐ BAR TIL UM ÞESSAR MUNDIR...“?

## Nanna Bryndís Hilmars

1. Má ég sjá. Stekkjastaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir. Það er Hurðaskellir. **RÉTT**
2. Ef þetta er tengt jólnum þá hljóta þetta að vera Vitringarnir þrír. **RÉTT**
3. Ítalskt. **RÉTT**
4. Vá, ég sé hann fyrir mér hangandi í seríunni með svona raflost. Kevin Chase. Nei, Chevy Chase. **RÉTT**
5. Þetta veit ég ekki. Aðventukerti.
6. Göngum kirkjugólf. **RÉTT**
7. Ég ætti að giska en ég veit það ekki.
8. Það er allt breytt vegna þín, þú komst með jólin. Héna, hún Ruth Reginalds. **RÉTT**
9. Stefán Karl. **RÉTT**
10. Ég gæti bullað eitthvað en ég hef ekki hugmynd.
11. Á 6. áratugnum. **RÉTT**
12. Nýja testamentið. Nei, Jólaguðspjallið. **RÉTT**

9 stig

## Ragnar Þórhallsson


1. Kertasníkir er síðastur. Stúfur er þriðji. Ég giska á Hurðaskelli. **RÉTT**
2. Vitringarnir þrír. **RÉTT**
3. Hef ekki hugmynd. frskt?
4. Chevy Chase. **RÉTT**
5. Englakeri. **RÉTT**
6. Þetta hef ég ekki sungið síðan ég var barn. Ég var nefnilega einu sinni barn. Börn landsins verða ekki sátt ef ég veit þetta ekki. Göngum kirkjugólf? **RÉTT**
7. Einhver rithöfundur sem var manneskja frá Evrópu.
8. Sigga Beinteins?
9. Hann héna sem er að leika mik-ið úti núna. Lék í Prince of Persia. Hann Gísli Örn Garðarsson.
10. Hún heitir Brakið. **RÉTT**
11. Heyrðu ég var að lesa utan á flöskuna bara í gær. 1955 **RÉTT**
12. Jólaguðspjallið **RÉTT**

8 stig

Ég er sátt. Jólajöfin mín í ár að hafa sigrað Ragga í spurningakeppni. Það er ljúft. Takk fyrir Monitor.

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir 20. desember kl. 15:30





### LÍÐAÐ HÁR

Hárdúíð verður líka að vera á hreinu um jólinn og er fallega líðað eða krullað hár alltaf klassískt. Legðu sléttujárnið frá þér og leyfðu líðunum að njóta sín.

### „SMÓKÍ“ AUGU

Um jólin þegar það er dimmt nánast allan daginn er tilvalið að taka upp dökku augnskuggana og leyfa „smóki“ lúkkinu að njóta sín. Það er ekkert jafn kynþokkafullt og flott „smóki“ fördun.



## Fimm fegurðarráð fyrir jólin

Það er alltaf gaman að hafa sig til á jólnum. **Stíllinn** veitir hér heit ráð til að hafa í huga eftir jólabaðið.

### PALLÍETTUR

Flottir pallíettu-kjólur, bolir og jafnvel buxur rokka jólin aðeins upp og kalla fram þetta töff glamúr lúkk. Sérstaklega um áramótin, þá er flottur pallíettu kjóll algjörlega málið!



### RAUÐUR VARALITUR

Rauði varaliturinn er móst fyrir jólinn. Dökk-rauður, vínráuður eða ljósrauður, það skiptir ekki máli. Liturinn poppar upp öll dress og gerir þau hátíðlegri. Það verða allir að fjárfesta í einum slíkum fyrir jólin.



### SKARTGRIPIR

Flottir og umfangsmiklir skartgripir eru algjörlega málið fyrir jólin. Stór hálsmen og flottir fjaðra eyrnalokkar geta poppað upp einfalt og látlaust dress. Hvað þá ef þau eru í fallegum lit.

# LIÐMANN JÓLABORG

Nú er hátíð í bæ!

NÁNAR Á  
MIDBORGIN.IS OG  
FACEBOOK.COM  
/MIDBORGIN

VERSLANIR OPNAR  
TIL **22** Í KVÖLD OG

JÓLAMARKAÐURINN  
INGÓLFSTORGI  
TIL **20** ÖLL KVÖLD

VERUM,  
NJÓTUM OG VERSLUM  
ÞAR SEM JÓLAHJARTAÐ  
SLÆRI

JÓLASÖNGUR  
OG LÚÐRAPÝTUR  
UM ALLA BORG

Taktu þátt í Jólaleik  
miðborgarinnar

BORGUN





**AÐFANGADAGUR**

Þetta er Barack Obama wannabe-stíllinn minn. Mjög einfalt, með smá Mad Men-yfirbragði.

**JAKKAFÖT:** H&M  
**BINDI:** HERRAFATAVERSLUN GUÐSTEINS  
**SKÓR:** FILIPPA K ÚR GK REYKJAVÍK  
**SKYRTA:** RALPH LAUREN ÚR SPÚTNIK

**RÆKTIN MILLI JÓLA OG NÝÁRS**

Ég verð reyndar að viðurkenna að ég hef aldrei farið í ræktina, en var þó í lyftingaklúbb í MH. Mér er annst um þennan Valsbúning. Hljómsveitin fékk 7 treyjur gefnar frá Meistaraflokki kvenna í Val. Maður verður að „representa“ klúbbinn í ræktinni þó maður sé kominn með bumbu sem fyllir í búninginn.

**PEYSA:** VALSBÚNINGUR ÚR HLÍDARENDA  
**SKÓR:** NIKE FREE RUN+  
**BUXUR:** H&M

**ÁRAMÓT**

Jakkinn er úr bómull, fullkominn í partíin og bindið mátulega flípað fyrir snillingana á Skólavörðuholti. G.Jör hönnuður lánaði mér buxur og ég er mjög hrifinn af leðrinu í kraganum á frakkanum. Frakkinn er líka eldvarinn með innbyggðri rokeldspýtu.

**JAKKI:** UNIQLO  
**BUXUR:** GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON FYRIR HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS OG SKJALDAR  
**SKÓR:** FILIPPA K ÚR GK REYKJAVÍK  
**FRAKKI OG HANSKAR:** H&M  
**SKYRTA:** AMERICAN APPAREL

**AÐVENTUDRESS**

Fyrir jólaundirbúning og föndur heima við. Hlý peysa og buxur með hnébótum svo ég geti verið „all-in“ í undirbúningnum, hver veit nema maður þurfi að beygja sig eftir nokkrum negulnögglum af gólfinu svo Luna borði þá ekki.



**PEYSA:** BARBOUR ÚR HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS OG SKJALDAR  
**BUXUR:** FROST BIRGENS ÚR GK REYKJAVÍK  
**SKÓR:** FILIPPA K ÚR GK REYKJAVÍK  
**MANDARÍNUR:** JÓLAFÖNDUR FRIKKA DÓR

Myndir/Kristinn

# Einingaskipt

## spariföt lykilatríði

# um hátíðirnar

Nú þegar hátíðirnar nálgast er nauðsynlegt að vera með jóla- og áramótadressin á hreinu. **Stíllinn** fékk því tónlistarmanninn og tískusérfræðinginn **Unnstein Manuel Stefánsson** til að sýna okkur hvernig á að klæða sig um hátíðirnar.

**fataskápurinn****Hvað verslar þú helst fötin þín?**

Í fullum trúnaði versla ég flest föt í H&M, en í meikinu rýrnar veskið svo ég hef ekki verslað mikið undanfarið ár.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín héma heima?**

Ég fer eiginlega bara í eina búð hér heima, og það er Herra-fataverzlun Kormáks og Skjaldar. Ég reyni að fara þangað í hverri viku þegar ég er á Íslandi, þar eru falleg föt og skemmtilegir starfsmenn. Ég versla þar samt ekki nema kannski einu sinni til tvisvar á ári.

**Hvað kemur þér í jólaskap?**

Ætli það séu ekki mandarínur, malt og appelsín.

**Hvert er hið fullkomna jóladress?**

Einingaskipt spariföt eru lykilatríði um hátíðirnar, einfaldlega vegna þess hversu mikið er um jólabjór og góðan mat. Ef þú hellir yfir þig jólaölinu er mikilvægt að geta farið úr jakkanum og verið í fallettri skyrtu innanundir. En ef þú hellir hinsvegar yfir buxurnar þínar þá vekja jóla-silki-boxeranærföt mikla lukku í jólaboðum.

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**

Geðgóður finnst mér frábær jólasveinn!

**Hvar eyðir þú jólnum í ár?**

Hjá mömmu í Laugardalnum á aðfangadag og svo fer ég í risajólaboð með föðurættinni í Bjarnafjörð á Ströndunum.

**Áttu þér fyrirmynd í tískuheiminum?**

Nei, ég get ekki sagt það. En Logi bróðir á frábæran fataskáp sem gott er að sækja í þegar hann sér ekki til.

**Ef þú mættir velja hvaða hönnuð sem er til að dressa þig upp fyrir mikilvægan atburð, hvaða hönnuð myndir þú velja?**

Klárlega Guðmund Jörundsson, hvort sem það verður brúðkaup eða plötuumslag

**Ef eitthvað sem er ómissandi fyrir áramótadressið í ár?**

Beinagrindahanskarnir munu vernda mig í kuldanum og vekja lukku í partíunum.

**Hvað er næst á döfni hjá þér?**

Við erum að halda okkar árlegu áramótatónleika á Nasa þann 30. desember, „Síðasti Sjens 2011“ ásamt Of Monsters and Men og Rich Aucoin. Það fer heilmikil vinna í að undirbúa svona stóra tónleika og það er mikilvægt að koma stressinu rétt frá sér, sérstaklega þegar það eru jól.



# Hlýr pels ómissandi

**Stíllinn** fékk tónlistarkonuna, þáttastjórnandann og tísku-  
skvísuna hana **Þórunni Antoníu** til að sýna okkur hvernig við  
stelpumar eigum að klæða okkur um hátíðirnar. Rauður vara-  
litur, stórt skart og litríkir kjólar eru algjörlega málið þessi jól.

## fataskápurinn

### Hvað verslar þú helst fötin þín?

Ég finn alltaf eitthvað fallegt í Rokki og Rósum og Dúkkuhúsinu, einnig fer ég reglulega í Spútnik og Rauðakrossbúðina, maður veit aldrei hvaða gersemar leynast þar.

### Hver er uppáhaldsbúðin þín hérna heima?

Rokk og Rósir, Dúkkuhúsið og Manía og síðan Mac fyrir snyrtivörur.

### Hvað kemur þér í jólastöpp?

Mandarínur, gamla Coca Cola-auglýsingin og góður jólabjór.

### Hvert er hið fullkomna jóladress?

Einhver fallegur litríkur kjóll sem er kannski ekki of þröngur í mittið svo að það sé pláss fyrir allan jólamatinn og hlýr pels er algjört „must“ á þessum árstíma.

### Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?

Stúfur, því að við erum ábyggilega svipuð á hæð.

### Hvar eyðir þú jóluunum í ár?

Vonandi sem mest heima hjá mér í kúri en svo fer ég til mömmu á aðfangadagskvöld og til Hveragerðis til pabba á annan í jólu.

### Áttu þér fyrirmynd í tískuheiminum?

Nei, ekki neina sérstaka heldur laðast ég að sterkum litríkum persónuleikum og sæki mikinn innblástur í 50's, 60's og 70's gyðjur eins og t.d. Brigitte Bardot, Marilyn Monroe og Stevie Nicks.

### Ef þú mættir velja hvaða hönnuð sem er til að dressa þig upp fyrir mikilvægan atburð, hvaða hönnuð myndur þú velja?

Ég myndi frekar vilja einhvern súperstílista eins og Rachel Zoe til að fá lánaða kjóla frá öllum stærstu hönnuðunum svo ég gæti valið sjálf.

### Er eitthvað sem er ómissandi fyrir áramótadressið í ár?

Fallegt stórt skart og dimmrauður varalitur úr Mac.

### Hvað er næst á döfnni hjá þér?

Það er popplata í smíðum með Berndsen. Svo var ég að syngja á nýju plötu Thewno2 ásamt RZA, Regina Spector og Ben Harper sem kemur út á nýja árinu og það er alltaf



### ANNAR Í JÓLUM

Ég veit ekki hversu mikið notagildi er í þessari flik en ég verð að segja að það er ekkert jólalegra en þessi 70's silkisamfestingur sem ég fann í Englandi á engan pening. Hann minnti mig á Boogie Nights eða Michelle Pfeiffer í Scarface, svo eru samfestingar að mínu mati skuggalega vanmetnir, ég á heilt safni!

**KJÓLL:** KEYPTUR Í ENGLANDI  
**SKÓR:** MANÍA

### GAMLÁRSKVÖLD

Það er óskrifuð regla að vera í palllettum á gamlárskvöld, þennan fékk ég í Dúkkuhúsinu og hann er nútímalegasti kjóllinn af þessum dressum, þröngur „bodycon“ kjóll sem klikkar ekki.



**KJÓLL:** DÚKKUHÚSIÐ  
**SKÓR:** MANÍA



**KJÓLL:** DÚKKUHÚSIÐ  
**SKÓR:** MANÍA

### JÓLABOÐIÐ

Þá valdi ég þennan skemmtilega kjól úr Dúkkuhúsinu. Hann er í smá 60's stíl sem ég elska, minnir mig smá á Mia Farrow eða Twiggy vegna hvíta kragans. Skórnir eru úr Manía.

### AÐFANGA-DAGSKVÖLD

Þá er alveg málið að vera í rómantískum kjól frá 1950. Þennan fann ég í Rokk og Rósum sem er gullnáma fyrir fallega einstaka kjóla. Gylltu skórnir eru úr Dúkkuhúsinu, ég hef notað þá mjög mikið.

**KJÓLL:** ROKK OG RÓSIR  
**SKÓR:** DÚKKUHÚSIÐ



Myndir/Sigurgeir S.

# Pevaryl®

## Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum

Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Meðferð með Pevaryl® skeiðarstílum gefur háa tíðni lækningar og skjóta linun einkenna.

Pevaryl® er bæði fánlegt sem mjúkur skeiðarstíll og krem. Leitid lækni leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki



Skannaðu QR kóðann og fáðu frekari upplýsingar

Pevaryl® 150 mg skeiðarstíllar, Pevaryl Depot® 150 mg skeiðarstíll með forðaverkun, Pevaryl® 1% krem, (econazol). Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppis candida albicans. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmun fylgja lyfinu. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leitid til læknis eða lyfjafraeðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfið. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa ónáemi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl® skeiðarstíllar og krem innihalda efni sem geta eyðlaagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota lyfið með þessum getuávarörum. Leitid allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



# 2012 verður árið okkar

Stúlknasveitin **The Charlies** hefur staðið í ströngu að undanförmu í heimi stórstjarnanna en þær gáfu nýverið út „mixteip“ sem hlotið hefur góð viðbrögð vestanhafs. Þríeykið sagði **Monitor** frá hlátrinum og grátinum í Hollywood ásamt risastóru draumunum.

**Texti:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
**Myndir:** Kristinn Ingvarsson

einar@monitor.is  
kring@mbl.is

Mikið vatn hefur runnið til sjávar hjá þeim Ölmú Guðmundsdóttur, Klöru Ósk Elíasdóttur og Steinunni Þóru Camillu Sigurðardóttur síðan þær sameinuðust fyrir sjö árum við stofnun stúlknasveitarinnar Nylon. Eftir ævintýri á Bretlandseyjum og nafnabreytingu héldu þær innreið inn í veröld stórstjarnanna fyrir tveimur árum þegar þær fluttust til Hollywood til að elta sína stærstu drauma. Árið sem senn er liðið var trúlega þeirra mesta áskorun til þessa þar sem þær slitu sig undan plötusamningi með lögræðistandi til að geta staðið á eigin fótum. Þær segjast nær því í dag en nokkru sinni fyrr að ná markmiði sínu, að slá í gegn.

## Þegar þið fóruð út fyrir einu og hálfu ári síðan höfðu þið nýsamið við plötuútgefandann Hollywood Records. Hvað er að fréttu af því?

➤ Það er löng saga. Fyrir nákvæmlega ári síðan vorum við komnar með heila plötu og rúmlega það hjá Hollywood Records. Hún var tilbúin, það var búið að „mastera“ hana og það var allt klárt. Við vorum meðal annars með lög eftir Bruno Mars og J.R. Rotem og við vorum búnar að vera að vinna með toppfólki innan Hollywood yfir sumarið og haustið. Við vorum með algjört gull í höndunum og þá fóru af stað vangaveltur um hvaða lög við ættum að gefa út sem smáskífur.

➤ Það er alltaf mikil pólitík innan plötufyrirtækja þegar kemur að því að taka ákvarðanir um útgáfu og það ríkti ekki samstaða um hvaða lag ætti að gefa út fyrst. Fyrir utan allt sem við höfðum tekið upp úti vorum við með lög frá StopWaitGo og við lögðum mikla pressu á þá sem sáu um okkur innan fyrirtækisins að veita því efni athygli. Þegar þrjú lög voru send í rýnihóp í hlustendakönnun kom lag sem við gerðum með þeim langbest út.

## Þið höfðuð sem sagt rétt fyrir ykkur með StopWaitGo-lagið?

➤ Klárlega. Það dugði samt ekki til að ná samstöðu um hvaða lag ætti að vera fyrsta smáskífan og undir lok ársins fengum við þau skilaboð að plötufyrirtækið væri ekki tilbúið að skuldbinda sig til að gefa út smáskífu strax og við horfðum bara fram á það að við gætum endað á hillunni hjá plötufyrirtækinu í ár í viðbót án þess að nokkuð kæmi út. Þarna stóðum við á tímamótum og hugsuðum: „Erum við að fara að eyða næstu mánuðum eða árum í einhverri óvissu án þess að geta gefið út neina tónlist?“

## Til hvaða ráða gripuð þið þá?

➤ Við ákváðum að það væri miklu betra fyrir okkur að losa okkur undan þessum samningum og fara að vinna að því sem við höfðum trú á til þess að geta allavega gefið út efni í raun og veru.

➤ Yfirleitt er þetta þannig að „artistar“ setja saman ákveðinn pakka sem sýnir bæði tónlistina og ímyndina og fara síðan til sem flestra plötufyrirtækja og sýna sig. Það sem við gerðum upphaflega var að við fórum beinustu leið til Hollywood Records, sungum og fengum samning á staðnum. Við vorum svo grænar að við vissum ekki að auðvitað hefðum við átt að fara til annarra fyrirtækja líka til að búa til einhverja samkeppni um okkur og skapa meiri eftirspurn. Í staðinn tókum við það fyrsta sem bauðst og eftir á að hyggja var það svolítið fljótfermi. Okkur fannst svo ótrúlegt að fá samning bara á staðnum.

➤ Í öllu þessu róti í byrjun árs áttuðum við okkur á að við þyrftum að stokka öllu upp. Við vissum hvað við vildum gera og vissum að við værum með gull í höndunum.

## Þurftuð þið að byrja upp á nýtt þarna úti?

➤ Nei, sem betur fer vorum við með nóg af efni í höndunum sem við vorum búnar að taka upp. En við lærðum svo ógeðslega mikið á þessu auk þess sem við kynntumst og unnum með hópi fólks sem eru risanöfn innan bransans.

➤ Svo við fórum út í byrjun síðasta árs vitandi það að við værum að fara út úr öllum samningum og standa gjörsamlega einar. Það var nefnilega svo merkilegt að þótt við hefðum verið með framleiðslusamning þá vorum við aldrei einu sinni með umboðsmann. Við vissum því að við þyrftum að byggja upp nýtt teymi í kringum okkur. Til þess gátum við nýtt samböndin og tengslin sem við vorum búnar að mynda á þessum tíma sem við vorum hjá Hollywood Records.

## StopWaitGo hafa vakið athygli að undanförmu með framleiðslu á smellum héraendis með mönnum eins og Friðriki Dór og Steinda Jr. Hvernig vildi það til að þið höfðuð samstarf?

➤ Við byrjuðum að vinna með StopWaitGo fyrir rúmunum þremur árum síðan þegar þeir voru ekki einu sinni komnir

með nafn. Við heyrðum lag með þeim fyrir algjöra tilviljun í gegnum litlu systur mína sem var með þeim í skóla, hún kom okkur í samband við þá og í kjölfarið sendi ég Ölmú á fund með þeim. Ég var bara: „Þú verður að fara að semja með þessum gæjum, þeir eru geðveikir.“ Hún fór og byrjaði að semja lög með þeim sem komu síðan svona ótrúlega vel út.

➤ Það sem þeir hafa fram yfir marga aðra er að þeir eru alveg með á nótnum hvaða stefnu popptónlistin er að taka og eru alltaf einu skrefi á undan. Þeir heyrja og skilja þetta „sánd“.

## Þið gáfuð síðan út „mixteip“ á eigin fótum þann 11.11.11 síðastliðinn sem hefur jafnframt fengið ágætisviðbrögð ytra, til dæmis hjá flottum tónlistarbloggum. Er þá næsta skref að finna sér nýtt útgáfufyrirtæki?

➤ Já, annar útgáfu- eða dreifingarsamningur er það sem við erum að vinna í núna. Eftir að „mixteipið“ kom út höfum við verið að fá sterk viðbrögð og boð á nokkra fundi.

➤ Þegar við komum út í byrjun árs hugsuðum við: „Ókei sjött, við verðum að finna umboðsmann strax og komast að hjá einhverju annarri útgáfu strax,“ og fannst við vera að renna út á tíma. Það var hins vegar ekki fyrr en við fengum umboðsmanninn sem við erum með í dag að við fórum að átta okkur á því að þetta er bara spurning um pakkann okkar og það er eitthvað sem við þyrftum að taka árið í ár til að setja saman. Einn liður í því var að skapa þetta „mixteip“ en lögin á því eru bara brot af plötu sem við erum í rauninni búnar að klára með strákunum í StopWaitGo.

➤ Við erum því bara fyrst núna farnar að svipast um eftir nýju útgáfufyrirtæki því við vildum klára að skapa okkar efni fyrst. Við vildum ekki koma á einhverjum nýjan stað þar sem það fyrirtæki myndi ætla að búa til einhverja nýja formúlu og reyna að móta okkur eftir sínu höfði. Við ætlum að mæta með okkar „sánd“ og það er nákvæmlega það sem við höfum verið að vinna að.

## Við grétum okkur alveg í svefn nokkrum sinnum og þetta hefur kostað blóð, svita og tár.

### Það er inni í myndinni að setja á laggimar sjónvarpsþátt með ykkur ytra, ekki satt?

➤ Já, við vorum sem sagt í viðræðum við VH1 um að gera raunveruleikaþátt og það er ennþá í skoðun en það yrði að vera rétt staðið að því.

➤ Svoleiðis er nefnilega æðislega góð markaðssetning en við viljum ekki gera neitt svona nema að þetta fái að snúast um tónlistina en ekki bara hvort við séum í fýlu hvor út í aðra eða að rifast.

➤ Konseptið yrði sem sagt bara að fylgst væri með stelpubandi sem er búið að ná vissum árangri í heimalandi sínu og byrjar síðan frá byrjun í Hollywood.

### Nú eru liðin sjö ár frá því að stúlknasveitin Nylon var mynduð í gegnum áheymarprufur. Erud þið orðnar þreyttar á að ræða Nylon-árin þegar þið veitið íslenskum fjölmiðlum viðtöl?

➤ Alls ekki, það var auðvitað byrjunin.

➤ Það er bara það sem gerði okkur að því sem við erum í dag.

➤ Einar Bárðar á heidurinn að því að við séum saman í dag, hann verður alltaf Nylon-pabbinn.

➤ Guði sé lof fyrir Nylon, án þess væru engar Charlies.

### Í ljósi þess að sveitin var skipuð með áheymarprufum má gera ráð fyrir að þið hafið sennilega lítið þekkt fyrir 2004. Hvernig hefur það verið að fara úr því að þekkjast ekki neitt yfir í það að umgangast hverja aðra á hverjum degi í sjö ár?

➤ Þetta var reyndar mjög fyndið. Við Klara vorum saman í Versló og vorum einmitt að leika saman í leiksýningu á þessum tíma. Við þekktumst sem sagt en vorum ekkert einhverjar bestu vinkonur. Við ákváðum að fara í þessar prufur og sitjum saman þar og fyrir framan okkur sat stelpa sem ég kannaðist við í gegnum vinkonur mínar.

➤ Við byrjuðum síðan að spjalla og einhverja hluta vegna fórum við eins og samlokur í gegnum þessar prufur og eins og við höfum alltaf sagt var þessu ætlað að gerast.

➤ Þetta þróaðist svo út í djúpa vináttu og hálfgerit systrasamband. Við vorum og erum allar að stefna að sama markmiðinu og við það myndast einhver liðsandi í hópnum og endalást mikið umburðarlyndi.

➤ Við erum svo samrýmdar í því sem við erum að gera og ætlum allar að berjast til síðasta blóðdropa. Ég held að

## HVER YKKAR ER ...

- ... **gleymust?** Klara.
- ... **frekust?** Alma.
- ... **matvöndust?** Steinunn.
- ... **mesta svefnpurkan?** Klara.
- ... **mesti nammigrísinn?** Steinunn.

við myndum bara deyjja fyrir hverja aðra (hlæja allar).

### Það má kannski segja að héraendis hafi fyrirbærið Nylon verið milli tannanna á fólki frá fyrsta degi. Hafið þið þjálfast í því að takast á við neikvæða umfjöllun eða harða gagnrýni á þessum sjö árum?

➤ Engin spurning. Ég gleymi því ekki þegar fyrsta myndbandið okkar kom út og maður las einhverjar athugasemdir á barnaland.is og hjartað í manni var bara brotið. Með tímanum lærði maður svo að hugsa: „Hverjum er ekki sama um hvað einhverju fólki úti í bæ finnst?“ Það er algjört aukaatriði á meðan þú ert að njóta þess, þú færð góðar viðtökur og einhverjir eru að filja það sem þú ert að gera.

➤ Við vorum líka bara að verða tvítugar þegar þetta byrjaði. Núna erum við búnar að vera úti með hléum í þrjú ár og það er svo skemmtilegt hvernig viðbrögðin eru úti, þau eru allt öðruvísi. Fólk er miklu duglegra við að láta mann vita að það sé að filja efnið manns og segja við mann: „Mér finnst þú vera að gera góða hluti.“

### Eigið þið við að fólk á Íslandi sé feimið við að hrósa en oftar tilbúið að gagnrýna á neikvæðan hátt?

➤ Ég held að fólk sé miklu gagnrýna og ég held að við séum ekki jafnopin fyrir nýjungum og úti.

➤ Það hefur samt fyrir vikið kannski gert okkur gagnrýni á okkur sjálfar. Maður þarf að mynda sér þykkari skráp þegar maður fer út í eitthvað svona og ég er allavega fyrir mitt leyti búin að þroskast mikið í þeim efnum. Ég man að mér leið ógeðslega illa fyrst yfir hvað fólk var að segja um mann eða hugsa.

➤ Þetta væri löngu búið ef engum þætti þetta skemmtilegt og tónlistin höfðaði ekki til neins. Að sama skapi þykir okkur svo ægilega vænt um það þegar einhver kemur til okkar og segir að það sé ánægð með eitthvað sem við erum að gera.

### Hver er munurinn á því sem Charlies er að gera núna og því þegar Nylon var að hasla sér völl á Bretlandi?

➤ Fyrst og fremst tónlistin. Hún hefur auðvitað þróast eins og gerist hjá öllum tónlistarmönnum. Við vorum svo ungar þegar við byrjuðum, við vorum krakkar og vorum með Einar sem stjórnaði þessu fyrir okkur, guði sé lof. Við höfum lært af öllum þeim sem hafa leiðbeint okkur. Á síðustu þremur árum, þegar við höfum fullorðnast, þá höfum við tekið við stjórnartaumunum.

➤ Óumflýjanlega hefur ímyndin okkar líka breyst og fólk segir ýmislegt. Ég sé eitthvað úr einhverju blaði sem hafði skrifað að „góðu stelpurnar væru orðnar vöndar“. Það snýst samt aðallega um að við höfum ekki gefið út neina tónlist í fjögur ár en höfum samt verið að vinna að þessu á bak við tjöldin í einhver þrjú ár. Þetta er þróun sem er ekkert ný fyrir okkur, þótt hún komi kannski einhverjum á óvart.

### Hefur ímyndarbreytingin í för með sér að þið séuð hættar að vera góðu fyrirmyndirnar sem þið voruð á Nylon-árunum?

➤ Við erum ennþá sömu manneskjurnar. Við erum ekkert breyttar fyrirmyndir þótt tónlistin okkar hafi breyst og þróast.

➤ Við erum auðvitað bara búnar að eldast og herðast eitthvað af því að hafa gengið í gegnum ýmislegt, til dæmis hefur mikið gengið á í okkar einkalífi. Ég vil meina að við höfum bara fullorðnast og breytt um áherslur.

➤ Við erum að stíla inn á annan hlustendahóp heldur en þegar við sungum Furðuverk. Það er alveg augljóst og það er voða lítið við því að segja. Við erum kannski ekki að syngja Eat Me fyrir Furðuverk-markhópinu.

### Þegar maður býr í nafla skemmtana-íðnaðarins, Hollywood, er það þá þannig að maður rekst á stórstjörnur á öðru hverju götuhorni, úti í matvöruverslun og í ræktinni?

➤ Já, þá eru nokkrir stórir sem eru með okkur í ræktinni og maður



**HRAÐASPUERNINGAR  
KLARA****Fyrstu sex:** 271185.**Upphaldsmatur:** Veggie Grill, það er vegan-veit-ingastaður í LA.**Upphaldsstaður í heiminum:** Stokkholmur.**Æskuátrúnaðargoð:** Sigga Beinteins, Mariah Carey og Backstreet Boys.**Upphaldslag með Charlies:** Start a Fire.**Helsti kostur:** Ég er óstjórnlega bjartsýn.**Helsti ókostur:** Ég er óstjórnlega kærulaus.**HRAÐASPUERNINGAR  
STEINUNN****Fyrstu sex:** 130784.**Upphaldsmatur:** Hvítlauksgrillaðir humarhalar og íslenskt lambkjöt a la pabbi.**Upphaldsstaður í heiminum:** Borgir, vestur á Skógarströnd og svo strendurnar í Kaliforníu.**Æskuátrúnaðargoð:** Vigdís Finnbogadóttir og Celine Dion.**Upphaldslag með Charlies:** Tickin' like a Bomb.**Helsti kostur:** Ég er mjög áreiðanleg.**Helsti ókostur:** Ég er rosalegur hrakfallabálgur.**HRAÐASPUERNINGAR  
ALMA****Fyrstu sex:** 291284.**Upphaldsmatur:** „Blackened cod“ og flestallir fiskréttir.**Upphaldsstaður í heiminum:** Kalifornía.**Æskuátrúnaðargoð:** Whitney Houston.**Upphaldslag með Charlies:** Eat Me.**Helsti kostur:** Ég er úrræðagóð.**Helsti ókostur:** Ég ofhugsa allt.

viðtalið





sér stundum einhverjar stjórnur úti í matarbúð.

▶ Við vorum í Whole Foods um daginn og þá var allt í einu Usher við hliðina á okkur.

◀ Með fullan vagn af barnamat í krukum.

▶ Svo var hann með bara risastóran lífvörð að raða ofan í poka fyrir sig.

◀ Þeir eru alltaf með einhverja risastóra birni með sér úti um allt.

**Þið eruð sem sagt ekki komnar með stóra birni sem lífverði?**

◀ Ekki ennþá (hlær).

**Hvenær hafið þið verið hvað mest „starstruck“?**

◀ Ég veit um eitt svoleiðis dæmi en ég bara veit ekki hvort það sé merkilegt. Við hittum A. J. sem var í Backstreet Boys. Ég var náttúrulega mesti Backstreet Boys-aðdáandi í heiminum. Við vorum í bíó og ég sá hann og varð bara eins og fimmtán ára stelpa. Ég fór og fékk mynd af mér með honum.

▶ Við höfum séð Sarah Jessica Parker og Lady Gaga og alls konar fólk. Eftir að maður er búinn að vera þarna í svólíttinu tíma verður maður samt aðeins ónæmari fyrir þessu. Það er samt alltaf gaman að sjá þekkt andlit og þá er mjög hentugt að geta talað íslensku því við getum alltaf hvíslað til dæmis: „Heyrðu, þarna er „daman sem er brjáluð“ og þá er það Lady Gaga (hlær).

**Í haust var greint frá því að þið væruð allar á lausu á sama tíma í fyrsta skipti síðan Nylon var stofnuð. Er ómögulegt að eiga kærasta með vinnunni ykkar?**

◀ Við reyndum allar af öllu hjarta að láta svoleiðis ganga en það reyndist of erfitt. Það er kannski grimmt að segja það en forgangsröðunin er þannig að tónlistin er númer eitt, tvö og þrjú í lífum okkar.

▶ Þegar maður er að vinna í einhverju svona sem hefur svona margar óþekktar stærðir er erfitt að láta samband ganga.

**Koma einhvern tímann dagar þar sem þið missið trúna**

**á þessu og ykkur langar að flytja heim og skrá ykkur í háskólanám?**

▶ Ekki kannski að flytja heim og fara í háskólanám en það koma dagar þar sem maður spyr sig: „Hvað nú? Hvað getum við gert“

◀ Það hellist yfir mann ákveðið vonleysi. Á þessu ári kom tímabil þar sem við hugsuðum: „Af hverju þarf þetta að vera svona ógeðslega þungt?“ Við grétum okkur alveg í svefn nokkrum sinnum og þetta hefur kostað blóð, svita og tár. Þetta var mikið hark og maður hugsaði stundum að þetta væri ógeðslegt. Það er samt einhver eldmóður sem heldur okkur alltaf við efnið, við ætlum okkur að ná langt.

◀ Þessi eldmóður er eflaust líka það sem heldur okkur svona vel saman sem einingu. Svo hafa okkar nánustu líka mikla trú á okkur sem skiptir öllu máli.

**Þið eruð búnar að ganga í gegnum blóð, svita og tár.**

**Hvað þyrfti að gerast til þess að þið mynduð blása þetta Hollywood-hark af fyrir fullt og allt?**

▶ Það er ekki einu sinni hægt að hugsa til þess. Það er enginn sem segir þér hvenær komið er nóg, þú þarft að segja þér það sjálfur. Ef til þess kæmi þá myndum við allar vita það, við erum það samstíga í þessu, ef út í það er farið.

◀ Kannski ef við yrðum reknar úr landi eða eitthvað (hlær).

**Hefur ykkur dreymt um poppstjómulífurni frá æsku?**

▶ Við viljum meina að þetta hafi allt verið skrifað í stjórnum. Þetta er engin tilviljun að við séum að gera það sem við erum að gera.

◀ Þetta var einhvern veginn alltaf málið. Við erum með svo stóra drauma og leyfum okkur að dreyma stórt. Við trúum því að svona stórir draumar geti ræst.

◀ Við erum í þessu af mikilli einlægni.

▶ Það var Einar sem innrætti það í okkur að þora að hugsa ógeðslega stórt, hann er snillingur í því og lætur hluti gerast. Við höfum alltaf verið smitaðar af þeirri hugsun.

**Árið 2011 virðist hafa verið viðburðaríkt ár hjá ykkur. Hvað var það skemmtilegasta sem gerðist á árinu og hvað var það leiðinlegasta?**

▶ Það er erfðasta er allt þetta lögfræðidæmi milli okkar og plötufyrirtækisins út af uppsögn samninganna. Það sem stendur upp úr var að hitta umboðsmanninn okkar, hann var algjör gjöf.

◀ Það var ótrúlega mikilvægur tímunktur fyrir okkur að finna einhvern sem er á sömu bylgjulengd og við. Hann er með drifkraftinn og reynsluna sem við þurftum.

◀ Hann kom bara beint inn í liðið okkar í staðinn fyrir að reyna að stjórna okkur eitthvað upp á eigin spýtur. Hann smell bara inn í samstarfið. Svo eru líka viðbrögðin við „mixteipinu“ að láta á sér kræla fyrir en við bjuggumst við. Fyrir okkur eru það rosaleg verðlaun og mjög spennandi.

▶ Þegar KIIS-FM skrifar um okkur í sömu Twitter-færsluna og Lana Del Rey, þá getur maður ekki annað en fagnað.

**Eigið þið eitthvert lokamarkmið með þessu öllu saman?**

▶ Að taka heimstúr.

◀ Þetta er samt svo fyndið því það er ekki endilega að vinna Grammy eða MTV-verðlaun, þó að það sé hluti af markmiðum okkar. Það er engin endastöð.

◀ Í grófum dráttum er markmiðið bara að slá í gegn.

**Finnst ykkur þið vera komnar nær markmiðinu núna heldur en fyrir ári síðan?**

▶ Já, við erum alltaf að færast nær, skref fyrir skref. Þetta tekur allt tíma þótt fólk haldi stundum að þetta sé bara spurning um að stökkva upp í vél, fljúga til Hollywood og svo „meika það“ á einum mánuði.

◀ Við erum nær því núna heldur en þegar við vorum á samningi hjá plötufyrirtæki, það er það fyndna.

◀ Við erum búnar að vera að ganga í gegnum tímabil sem rosalega margir tónlistarmenn hafa gengið í gegnum. Svona samningamál, óvissa og lögfræðistand er tímunktur þar sem margar hljómsveitir brotna. Við ætlum bara að standa þetta af okkur og svo eru ekkert nema bjartir tímar framundan.

◀ 2012 verður árið okkar.





# Jólagjöfin í Dorma!



Dorma dúnkoddi  
kr. 3.900,-



50x70 cm

FULLUR AF  
DÚN

Full búð af sængum  
og koddum



TRÖLLAsængin  
kr. 13.900,-



140x200 cm

FULLT AF  
DÚN

- ☾ Svæðaskipt pokagormakerfi
- ☾ Góðar kantstyrkingar
- ☾ 100% bómullaráklæði
- ☾ Sterkur botn
- ☾ Gegnheilar vidarlappir

**KOMNAR AFTUR!**

N.Rest 160x200  
kr. 99.900,-

JÓLATILBOÐ

KOMDU  
NUNA



Jólatilboð

Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
90x200	39.000,-	59.900,-
100x200	42.000,-	69.900,-
120x200	48.000,-	75.900,-
140x200	53.000,-	79.900,-
160x200	67.900,-	99.900,-
180x200	73.900,-	109.900,-

Hægindastóll  
kr. 39.900,-

FJÓRIR  
LITIR

Milano hægindastóll  
Á frábæru verði!

Til í 4 litum:



Heilsuinniskór

Heilsusamleg  
jólagjöf á  
frábæru verði!  
Sendum frítt út á land!



3.900,-  
1 par

6.980,-  
2 pör

9.990,-  
3 pör

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18  
Lau frá kl. 11-18  
Sun frá kl. 13-18



DORMA

- býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími

☎ 512 6800

eða [dorma.is](http://dorma.is)



## FERILLINN



### Daniel Craig

**Hæð:** 178 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** James Bond.  
**Staðreynd:** Heldur með Liverpool FC í enska boltanum.  
**Eitruð tilvitnun:** „Um leið og þú reynir að vera kynþokkafullur tekst þér það ekki.“

**1968** Fæddist þann 2. mars í breska bænum Chester.

**1974** Leikur í sínu fyrsta skóla-leikriti og fær hina umtöluðu leiklistarbakteríu.

**1992** Giftist skosku leikkonunni Fiona Loudon. Sama ár eignast þau dótturina Ella.

**1994** Skilur við eigin-konuna Fiona og byrjar stuttu síðar með þýsku leikkonunni Heike Makatsch. Þau hætta saman sjö árum síðar.

**2001** Kemur sér á kortið í Hollywood sem erkióvinur Angelínu Jolie í kvikmyndinni Lara Croft: Tomb Raider.

**2004** Byrjar með kvikmyndaframleiðandanum Satsuki Mitchell. Þau sjást fyrst saman opinberlega á frumsýningu James Bond-kvikmyndarinnar Casino Royale.

**2005** Skrifar undir samning um að leika ofurtöfvarann James Bond. Craig er eini ljóshærði Bond-leikarinn og einnig sá lágvaxnasti hingað til.

**2008** Missir hluta af fingurgómi eins fingra sinna við tökur á Bond-myndinni Quantum Of Solace. Craig gerir grín að atvikinu eftir á og segist nú geta hafið glæstan glæpaferil svona fingrafaralaus.

**2010** Slítur sambandi sínu við Satsuki og verður ástfanginn af leikkonunni Rachel Weisz. Þau kynna við tökur á kvikmyndinni Dream House. Sama ár skrifar hann undir samning um að leika rannsóknarblaðamanninn Mikael Blomkvist í Hollywood-útgáfu leikstjórans David Fincher af Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson. Þriðju Bond-mynd Craig er aflýst um tíma sökum óvissu um framtíð kvikmyndaframtækisins MGM. Nýja myndin ber nafnið Skyfall og verður frumsýnd í lok árs 2012.

**2011** Giftist Rachel Weisz við litla athöfn í New York þar sem aðeins fjórir gestir eru viðstaddir.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### The Girl With the Dragon Tattoo

Leikstjórinn David Fincher, sem meðal annars hefur gert The Social Network og Fight Club, tæklar hér bókina Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson. Við sögu kemur morð, spilling, fjölskylduleyndarmál og tvær gjörólíkar manneskjur sem enda á því að snúa bókum saman til þess að afhjúpa 40 ára gamla ráðgátu. Mikael Blomkvist (Daniel Craig) er viðskiptafréttamaður sem er ákveðinn í því að endurheimta mannorð sitt í kjölfar þess að vera sakfelldur um ærumeiðingar. Einn auðugasti iðnjöfur Svíþjóðar, Henrik Vanger (Christopher Plummer) ræður hann til að rannsaka hvarf ástkærrar frænku sinnar, sem hann telur að hafi verið myrt af einhverjum úr stórfjölskyldunni. Blomkvist kemur sér fyrir á fjarlægri eyju við strönd Svíþjóðar til að rannsaka málið og hefur ekki hugmynd um hvað bíður sín. Á sama tíma er Lisbeth Salander (Rooney Mara) ráðin til að rannsaka Mikael Blomkvist sem leiðir á endanum til þess að þau fara að

vinna saman í að rannsaka morðið á Harriet Vanger. Lisbeth er óhefðbundin að öllu leyti en í spæjarastörfum slær henni enginn við. Hún hleypir engum að sér og ver sig gegn veröld sem hefur hvað eftir annað svikið hana og sært, en hæfileikar hennar reynast rannsókninni ómetanlegir. Þegar Mikael hittir meðlimi Vanger-fjölskyldunnar í eigin persónu og spyr þá spjörunum úr starfar Lisbeth í skuggunum og grefur upp upplýsingar sem hafa verið grafnar í tugi ára. Þau byrja að rekja blóðuga slóð morðingjans og bindast á leiðinni miklum trygðarböndum.

**Leikstjóri:** David Fincher.  
**Aðalhlutverk:** Daniel Craig, Rooney Mara og Christopher Plummer.  
**Lengd:** 158 mínútur.  
**Aldurstakmark:** 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Egilshöll og Borgarbíó Akureyri.

Aðrar frumsýningar: New Year's Eve

FRUMSÝNDAR MIÐ. 21. DESEMBER

## SÍMI

### LG Optimus 3D

**Framleiðandi:** LG.  
**Stýrikerfi:** Android.  
**Tegund:** Snjallsími.  
**Geymslurými:** 8GB.



## Í andlitið á þér

Snjallsímar eru það allra heitasta síðan niðursneitt brauð og þróun þeirra á bullandi siglingu. LG fyrirtækið er þar mjög framfarlega en þeir komu með fyrsta snjallsímann sem getur tekið upp og sýnt þrívíddarefni og er LG Optimus 3D í raun eini síminn sem seldur er hér á landi sem inniheldur þann möguleika. Síminn keyrir á Android OS, v2.2 (Froyo) sem er uppfæranlegt í Android OS, v2.3.4 (Gingerbread). Geymslurými símans er 8GB, en stækkanlegt uppí 40GB. Fyrst að þrívíddinni, en notendur geta notið hennar án glæraugna og nýtist það á ýmsa vegu. Til að mynda er hægt að taka upp þrívíddarmyndir og myndskaið í HD gæðum (720) og horfa svo á dýrðina í símanum sjálfum eða í þrívíddarsjónvarpi, en við símann er hægt að tengja HDMI snúru eða streyma efninu í gegnum DLNA. Til að taka upp myndirnar hefur síminn tvær 5 megapíxla myndavélar sem ná að skjóta þrívídd í HD og tvívídd í Full HD (1080). Skjárinn á símanum nær að sýna þrívíddina á mjög flottan máta og fær maður hreinlega öll herlegheitin í andlitið á sér sem er vel gert.

En það eru ekki bara myndasmíðir sem geta nýtt sér þrívíddina því að fyrir símann er hægt að fá helling af leikjum sem spilað í þrívídd og er það nokkuð magnad. Sérstaklega er hægt að mæla þar með skotleiknum

Nova og bílaleiknum Asphalt 6. En það væri til lítills að vera með þrívídd og allt í bullandi stemmingu ef það er svo saumavél undir húddinu og þarna ná LG menn að detta í girinn því síminn er með 1GHz dual core örgjörva, dual memory og dual channel þannig að það eru engir flöskuhálsar í kerfinu og nýttist það vel í allri notkun símans. Virkni hans er mjög hröð og detta öll forrit og leikir í gang nánast um leið og maður snertir skjáinn. Og talandi um skjá, þá er dýrið með 4.3" skjá sem nýtist vel þegar maður ætlar að „chilla“ yfir góðri mynd eða detta í ruglið í einhverjum öppum eða leikjum.

Ofan á þetta allt leggst að Optimus 3D kvikindið er að fullu íslenskaður og á það við um lykklaborð sem og allan texta í valmyndum.

Þannig að þegar á öllu er á botninn hvolf þá er LG Optimus 3D síminn mögnuð græja og einn sá öflugasti á markaðnum í dag þegar kemur að snjallsímunum. Hann er með stóran skjá, öfluga virkni og þrívíddargrafík sem er beint í andlitið á þér.

Ólafur Þór Jóelsson



„Is your house on fire, Clark?“  
**Christmas Vacation (1989)**

## KVIKMYND



### Óvænt jólagjöf

Ég verð að viðurkenna það að ég hélt það væri búíð að mjólka allt sem hægt væri að mjólka út úr Mission: Impossible-pakkanum. Þar skjátaðist mér því nýjasta myndin um Ethan Hunt er þrusugóð spennumynd sem rígheldur manni allan tímann. Ég sá aldrei myndir númer tvö og þrjú enda fengu þær ekki beint góð meðmæli. Þessi gefur fyrstu ekkert eftir og er ég nokkuð viss um að margir munu segja að þessi sé sú besta. Söguþráðurinn er nokkuð týpiskur. Ethan Hunt (Tom Cruise) ásamt sínu gengi, elstist við stórhættulegan hryðjuverkamann sem vill varpa kjarnorkusprengru á jörðina. Myndin er laus við alla væmni og óþarfa senur. Hún er stútfull af hasar og ekki skemmir fyrir að hún er nokkuð vel leikin. Cruise er mjög traustur í sínu hlutverki og fær hann mikla hjálp frá Jeremy Renner. Þeir tveir halda þessari mynd algjörlaga á floti.

### Mögnuð áhættuatriði

Brad Bird er leikstjóri myndarinnar. Ég kannaðist aðeins við þetta nafn enda mikill Simpsons-aðdáandi. Þar hefur hann komið að ótal mörgum þáttum. Hann hefur aðallega verið í teiknimyndunum og því má segja að hann hafi verið óskrifað blað á stóra sviðinu. Hann stendur sig mjög vel og er eitt atriði mér ofarlega í huga. Mér leið eins og ég stæði hreinlega við hliðina á Cruise. Ótrúlega vel gert atriði. Það er skemmtilegur Bond-fílingur í nokkrum senum sem skemmir ekki fyrir og svo fékk Ving Rhames aðeins að njóta sín. Hver fílar ekki Ving Rhames? Mission: Impossible – Ghost Protocol kom því skemmtilega á óvart og er ég nokkuð viss um að þeir sem skelli sér á hana fái allt fyrir peninginn.

Tómas Leifsson



MISSION: IMPOSSIBLE - GHOST PROTOCOL





# Stal tölvumús fyrir litla bróður



Bræðurnir **Ari Eldjárn** og **Halldór Eldjárn** eru hugmyndaglaðir þegar kemur að jólagjöfum eins og öðru. Þeir deildu bestu jólagjöfunum sem þeir hafa fengið frá hvor öðrum með **Monitor**.

**///** Gjafir okkar bræðra lituðust framan af af því að ég hafði meiri kaupmátt en Halldór, enda 10 árum eldri. Ég vil samt meina að hann hafi alltaf gefið mér betri gjafir því það liggur oftast einhver hugmyndavinna að baki hjá honum.

- Ari Eldjárn

## Halldór Eldjárn

Fimm bestu gjafirnar sem Ari hefur gefið mér:

- 1** Besta gjöf sem ég hef fengið frá Ara var mjög þunn og ómerkileg. Undir jólatrénu lá umslag frá skattinum með áletruninni „ÍTREKUN“. Reyndar voru í þessu umslagi miðar á tónleika með Police í Danmörku! Þessi ferð var algjör snilld að öllu leyti, enda er Ari skemmtilegasti ferðafélagi sem fyrirfinnst.
- 2** Næst á lista er mín fyrsta sneriltromma. Ari eyddi miklu þúðri í að gera upp fyrir mig gamla sneriltrommu sem hafði séð sína daga fegurri. Ég fékk hana uppússaða og krómgljáandi með glænýju skinni, en þetta hafði grey drengurinn dúllað sér við að gera nokkrar vikur fyrir jól. Fegurri hlut hafði ég ekki litið áður. Það var á því augnabliki sem mig langaði að byrja að læra á trommur.
- 3** Ég hafði mikinn áhuga á kvikmyndagerð sem ungur drengur. Því var ég að vonum glaður þegar Ari gaf mér eina Super 8 kvikmyndafilmu. Hún var reyndar bara þrjár mínútur og var þeim annmörkum háð að ef hún væri ekki geymd á réttan hátt myndi hún brenna. Samt sem áður frábær gjöf fyrir ungan ofurhuga.
- 4** Þegar ég var níu ára byrjaði ég að safna gömlum Apple-tölvum. Einn daginn var mér mikið niðri fyrir þar sem ég hafði týnt einu músinni sem virkaði við tölvumar, svo ég gat ekki notað þær lengur. Ari frétti af þessari harmsögu, en ákvað að grípa inn í og gerði dauðaleit að slíkri mús fyrir mig um allan bæ. Fann hann að lokum eina þannig á skrifstofu hjá ónefndu fyrirtæki niðri í bæ, og hnuplaði henni þaðan til að gefa mér í jólgjöf.
- 5** Einhver jólin gaf Ari mér bókina Drepið okkur eftir Huggleik Dagsson. Það var nú ágæt gjöf, fyrir utan það að ég gaf honum alveg sömu bók. Hins vegar held ég að eintakið sem hann gaf mér hafi verið öllu betra og sá ég þá mikið eftir að hafa gefið honum þessa gjöf.

## Ari Eldjárn

Fimm bestu gjafirnar sem Halldór hefur gefið mér:

- 1** Ég hef lengi haft dálæti á teiknimyndasögnum Red Meat eftir Dan Cannon. Halldór tók sig til þegar hann var 13 ára og málaði á striga eina aðalpersónuna, heimilisföðurinn Ted, þar sem hann er að æla sjampói. Þetta hékk lengi upp á vegg hjá mér þegar ég bjó í íbúðarkompu á Smiðjustíg en er sennilega komið í geymslu núna.
- 2** Fyrir tiltölulega fáum árum fékk ég mjög þungan pakka frá Halldóri, sem ég hlakkaði mikið til að opna. Í ljós kom hveitipoki. Gjöfin reyndist svo vera kennslustund í brauðbakstri, hann kom í heimsókn og kenndi mér hvernig maður bakar einfalt brauð. Og ekkert svona speltkjaftæði, bara fransbrauð upp á gamla móðinn.
- 3** Þegar Halldór var ennþá smábarn gaf hann mér oft frábærar kvikmyndir í jólagjöf. Mig minnir að hann hafi gefið mér Deliverance og Texas Chainsaw Massacre þegar hann var þriggja ára. Ég viðurkenni þó að ég fékk að leiðbeina honum í kaupunum, auk þess sem ég framkvæmdi þau fyrir hann. En hann var samt svo bráðþroska að hann hefði alveg getað valið þessar myndir sjálfur, hefði hann séð þær.
- 4** Ein af fyrstu gjöfunum sem Halldór valdi sjálfur var upptakari. Þetta var svona lítill plasteftirlíking af fullu björglasi og með segulstáli til að festa á ísskáp. Hann var mjög stoltur þangað til það kom í ljós að gjöfin frá mér var miklu stærri. Þá vorkenndi hann mér svo mikið að hann hefur alltaf gefið mér magnaðar gjafir síðan þá.
- 5** Jólin 2005 gaf ég Halldóri nýjstu Huggleiksbókina, mig minnir að hún hafi heitið Drepið okkur. Þegar ég opnaði gjöfina frá honum kom í ljós að hann hafði gefið mér sömu bókina. Mig minnir samt að ég hafi gefið honum betra eintak.



# fílófaxið

miðviku **21** des

## ORPHIC OXTRA

**Faktorý**  
**23:00** Orphic Oxtra gáfu í október út breiðskífuna Kebab Diskó og ætla nú að fagna útgáfunni. Mun Orphic Oxtra flytja sína óhreinnræktuðu skringibalkan-tónlist í hljóðarsal Faktorý á slaginu kl. 23:00. Sveitin lofar mjög náinni dansstund, svita og jafnvel tárur. Mannmargð hljómsveitarinnar verður meiri en nokkru sinni fyrr og því má búast við hörku tónleikum frá Orphic Oxtra. Aðgangur er ókeypis.

föstudag **23** des

## ÁRSTÍÐIR OG LAY LOW

**Frikirkjan**  
**21:00** Hljómsveitin Árstíðir og Lay Low hafa ákveðið að sameina krafta sína þessi jólin og efna til sannkallaðar hátíðarveislu á Þorláksmessu í Frikirkjunni í Reykjavík. Þetta er fjórða árið í röð sem Árstíðir spila í Frikirkjunni í síðari hluta desember og má því segja að kominn sé á hefð fyrir þessum hátíðartónleikum. Lay Low tekur nú þátt í fyrsta skipti en hún er ekki ókunn Frikirkjunni og hélt meðal annars útgáfutónleika sína þar fyrir stuttu við góðan oróstrir. Á tónleikunum munu listamennirnir flytja eigið efni í bland við jólalög sem standa þeim nærri. Tónleikarnir í Frikirkjunni hefjast klukkan 21:00 en húsið opnar kl. 20:30. Miðasala hafin á [midi.is](http://midi.is)

## VALDIMAR, MOSES HIGHTOWER OG OJBA RASTA

**Nasa**  
**22:00** Hljómsveitirnar Valdimar, Moses Hightower og Ojba Rasta eiga það sameiginlegt að ætla að spila á Nasa á Þorláksmessu og hyggjast gefa út nýjar plötur á næsta ári. Plata Valdimars, Undraland, hefur notið mikilla vinsælda á árinu og er hljómsveitin að vinna í nýju efni þessa dagana. Moses Hightower hlaut mikið lof fyrir plötu sína Búum til börn en framboð á hljótleikum hefur verið af skornum skammti sökum búseturöskunar hljómsveitarmeðlima. Ojba Rasta er ellefu manna reggi-hljómsveit sem meðal annars á smellið Jolly Good og hyggst sveitin senda frá sér sína fyrstu breiðskífu snemma á næsta ári. Miðaverð er 1.500 krónur í forsoðu á [midi.is](http://midi.is) og 2.000 krónur við hurð.



## SKRÍMSLAMESSA

**Faktorý**  
**23:00** Hljómsveitin Of Monsters and Men ætla að fagna jólunum með gestum og gangandi á Þorláksmessu og ætla að röla Laugaveginum á milli klukkan 19:00 og 22:00. Hljómsveitin staldrar við á Nólu, Hemma og Valda, Skífunni, Prikinu og Hressingarskalanum áður en hljóðfærurnum er stungið í samband á Faktorý klukkan 23:00. Fritt er inn á alla tónleikana enda OMAM í miklu jólastuði.

## ÓTTALEGIR JÓLASVEINAR

Fimmtudaginn 22. desember kl. 20.00  
 Gamla bíó



# Jólasveinar ganga berserksgang

Mundi vondi frumsýnir nýjustu stutmynd sína, Óttalegir jólasveinar, á fimmtudag. Sérstakur veislustjóri þetta kvöldið verður Páll Óskar og þá mun hópur tónlistarmanna spila tónlist yfir myndina. „Þetta er stutmynd sem var tekin upp síðustu jólin en það koma um 90 manns að henni. Myndin er náttúrulega stranglega bönnuð börnum enda fjallar hún um tvo jólasveina sem ganga berserksgang,“ segir Mundi en myndin er sameiginleg hugarsmíð hans og Snorra Ásmundssonar en Snorri fer með aðallutverk ásamt Atla Óskari Fjalarssyni sem gerði garðinn frægan í Óróa. Mundi býst við góðri stemningu. „Barinn verður opin, þarna verður jóla-djass og piparkökur, gjörningar og lifandi tónlist í húsinu.“ Miðasala fer fram á [midi.is](http://midi.is) og kostar miðinn 1.000 krónur.

# LOKAPRÓFIÐ

| 21. desember 2011 |



Ég heiti Björn Bragi

Ef ég væri ekki Björn Bragi Arnarsson væri ég

Þú veist hver ég er af því að Ég borga bensín með svíam á mér



- a) Björn Þórir Sigurðsson, yfirmaður myndvers Latabæjar
  - b) Björn Ingi Hrafnsson, eigandi Pressunnar
  - c) Björn Borg, tennis-kappi
  - d) Björn Bjarnason, fyrrverandi þingmaður
- af því að han er snillingur.



Þegar ég fékk hlutverkið í N1-auglýsingunum

- a) forvitnaðist ég strax um hverjir fengu ekki hlutverkið svo ég gæti hringt í þá og sagt: „svekkjandi.“
- b) þendi ég sms á stelpurnar sem voru í herferðinni á undan mér og bauð þeim heim á bensín
- c) hringdi ég í Jóhann Alfreð og sagði: „búðu þig undir harða samkeppni á olíumarkaði.“
- d) \_\_\_\_\_



Af þessum störfum væri ég helst til í að vera

- a) læknir
  - b) stjórnmálamaður
  - c) ögreglumaður
  - d) sendibilsstjóri
- en innst inni langar mig mest að vera Dexter

Það var svo gaman að uppgötva Nilla af því að

- a) mig hefur alltaf dreymt um að uppgötva stjórn.
- b) ég fæ 40% af öllum hans tekjum sem tengjast skemmtana-iðnaði.
- c) hann er svo einlægur og ljúfur piltur.
- d) það var ekkert gaman að uppgötva hann. Ég skapaði skrimskli!



Best í heimi er

- a) Fylkir
- b) svín
- c) Anna Reynisdóttir
- d) Tottenham
- e) Davíð Gill Jónsson

af því að þetta er allt mág að ég best í heimi er að vera með jóla-götum!

Minn helsti kostur er hvað ég er góður í FIFA 12 en minn

helsti veikleiki er að ég er vonlaus að geta bindishmít.



Eftir 10 ár verð ég

- a) Þrífur og 160 kg
- b) sestur að á svínabýli í Þýskalandi.
- c) þriggja barna faðir í einbýnahúsi í Árbænum og akandi um á Benz.
- d) í fréttum fyrir að gefa út heima-gerða klámmynd.
- e) Þráður er ég gion ???

Ég finnst skemmtilegast að

- a) flytja uppistand.
- b) vera með eigin sjónvarpsþátt.
- c) ristýra blaði.
- d) leika í N1-auglýsingu.
- e) elskast.
- f) vera með Audda í útvarpinu.

gelska þetta allt það sem kemur mér í jólasöpp er mandorinur, máldeppok, jólaleg og spil

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Jóni Jónssyni og í því stóð

Finnst þér ég í alvöru fallegur?

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

LÍFIÐ ER 100

SINNUM OF-STUTT

TIL AÐ LATA SER LEIÐAST!



Það sem fáir vita um mig er

- a) að ég er holdsveikur og berdreyminn.
- b) svefnfíkill og sef 18 klukkutíma á sólarhring.
- c) ekki allur þar sem ég er séður.
- d) að ég kann allar höfuð-borsir heimans og er frábær vítaskytta.

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Björn Bragi

## Þú kemst í samband við jólaandann

Frábær tilboð á snjöllum sínum

**59.990 kr. staðgreitt**  
eða 4.999 kr. á mánuði í 12 mánuði  
Fjölskyldu ALIAS fylgir\*

**24.990 kr. staðgreitt**  
eða 2.083 kr. á mánuði í 12 mánuði  
Fjölskyldu ALIAS fylgir\*

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is



# JÓLAGJÖFIN ER Í OPTICAL STUDIO

## BYLTING Í VEIÐIGLERAUGUM



OAKLEY HIJINX, LENS: POLARIZED SHALLOW BLUE.

## GOGGLUR

MIKIÐ ÚRVAL – MARGIR LITIR



## Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



*Sumarblær - íslensk hönnun og smíði*

19.300 kr.

7.800 kr.

17.700 kr.

Daisy hálsmen 17.900 kr.

Daisy lokkar 21.900 kr.

Daisy hringur 29.900 kr.

GEORG JENSEN  
ESTABLISHED 1864

*Skartgripir og úr - góðar jólagjafir*

Adidas 13.600 kr.

Adidas 14.900 kr.

Armani 48.000 kr.

Casio 11.900 kr.

Casio 6.100 kr.

Arne Jacobsen 64.900 kr.

Arne Jacobsen 64.900 kr.

Arne Jacobsen 64.900 kr.

Rosendahl 24.900 kr.

Rosendahl 24.900 kr.

Jacques Lemans 35.400 kr.

Jacques Lemans 30.700 kr.

Jacques Lemans 70.500 kr.

Jacques Lemans 70.500 kr.

Movado 127.500 kr.

Diesel 18.900 kr.

Diesel 18.100 kr.

Fossil 19.900 kr.

Skoðaðu glæsilegt úrval jólagjafa á [michelsen.is](http://michelsen.is)

MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909